

Borgarstjórn
3. september 2019

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um innleiðingu matarstefnu Reykjavíkurborgar

Borgarstjórn samþykkir að vinna áætlun um innleiðingu á matarstefnu borgarinnar. Stofnaður verði þriggja manna stýrihópur skipaður formanni velferðarráðs, formanni skóla- og frístundaráðs ásamt fulltrúa skipuðum af Borgarstjóra. Stýrihópurinn kalli til aðra formenn fagráða eftir þörfum og verkefnum. Með hópnum starfi verkefnastjóri ásamt sviðsstjórum þeirra sviða sem við á. Stýrihópurinn vinni tillögur að forgangsröðun og útfærslu aðgerðaáætlunar ásamt verk-, tíma- og kostnaðaráætlunum sem verði kynntar fyrir borgarráði og viðeigandi fagráðum.

Greinargerð:

Matarstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn 15. maí 2018 á grundvelli skýrslu stýrihóps sem starfaði frá árinu 2016. Meginmarkmið með mótun matarstefnu var að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðabjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni. Borgin getur haft áhrif á mat og neysluvenjur með ýmsum hætti; með þeim máltíðum sem framleiddar eru á vegum borgarinnar og bornar fram fyrir þjónustubega og starfsfólk, hvernig landbúnaður, veitingastaðir og matvörubúðir er hugsuð í skipulagi og hvernig borgin getur almennt orðið hvati og hreyfiafl til betri og sjálfbærari meðhöndlunar á mat.

Það eru grundvallarmannréttindi að hafa aðgengi að heilsusamlegum og öruggum mat til að nærast og geta lifað við bestu mögulegu heilsu. Borgarstjórn Reykjavíkur sér það sem sitt hlutverk að stuðla að því að allir íbúar borgarinnar hafi möguleika á að tileinka sér heilsusamlegan lífsstíl og þar með að borða hollan mat. Við teljum einnig mikilvægt að framboð sé á vistvænum mat sem er framleiddur með þeim hætti að komið er fram af virðingu við bæði jörðina og fólknið sem kemur að framleiðslu hans.